

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 60/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 80/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/629/EB frá 23. október 1996 um sameiginlega
tækniforskrift um kröfur vegna talsímaþjónustu með almennum Evrópufarsíma, II. áfangi⁽²⁾,
skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/630/EB frá 23. október 1996 um sameiginlega
tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna almenns Evrópufarsíma, II. áfangi⁽³⁾, skal felld
inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 134, 7.5.1998, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7.5.1998, bls. 71.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 75.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 79.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4m (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EBE) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „4n. **396 D 0629**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/629/EB frá 23. október 1996 um sameiginlega tækniforskrift um kröfur vegna talsímaþjónustu með almennum Evrópufarsíma, II. áfangi (Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 75).
- 4o. **396 D 0630**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/630/EB frá 23. október 1996 um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna almenns Evrópufarsíma, II. áfangi (Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 79).”.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 96/629/EB og 96/630/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner

